

Verkefna styrkumsókn – Leikfélag Kópavogs

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til

Uppsetning á barnaleikritinu „Ferðin til Limbó“ eftir Ingibjörgu Jónsdóttur og tónlist eftir Ingibjörgu Þorbergs.

Barnaleikritið „Ferðin til Limbó“ eftir Ingibjörgu Jónsdóttur (1933-1986) og var fyrsta leikrit eftir íslenska konu sem sett var á svið í Þjóðleikhúsinu. Ferðin til Limbó er söngleikur og er tónlistin eftir Ingibjörgu Þorbergs. Leikritið er byggt á barnbók eftir Ingibjörgu „Músabörn í geimflugi“ sem kom út árið 1963. Leikritið var sýnt árið 1964. Leikritið fékk misjafna dóma en í morgunblaðinu þann 12. Janúar 1966 sagði gagnrýnandinn Á.Hj. „Þó að harðfullorðnum áhorfanda eins og mér hljóti að finnast fátt um ýmislegt í þessum leik, skiptir það litlu máli; börnin voru auðsæilega glöð og ánægð, klöppuðu fyrir hverju atriði og fagnaðarlátunum í lokin ætlaði seint að linna. Þær innilegu viðtökur eru næg sönnun þess að ævintýrið um músabömin eigi þrátt fyrir allt vinsældir og langt líf fyrir höndum.“

Börn, unglingar og fullorðnir taka þátt í sýningunni.

Gildi verkefnisins og getu til að hrinda því í framkvæmd

Leikfélagið er áhugaleikfélag sem hefur starfað í 65 ár og hefur ávalt sýnt mikinn metnað við uppsetningar á leikverkum bæði fyrir börn og fullorðna og hefur því með þeim sýnt fram á gildi sitt í gegnum tíðina. Öllum sem áhuga hafa á leiklist stendur til boða á taka þátt á eigin forsendum hvort sem það er að leika, smíða leikmynd, gera búninga, stýra ljósum, stýra hljóði, spila á hljóðfæri eða dansa, ef það er partur af uppsetningunni. Barnaleikrit hafa reglulega verið sett upp þar sem foreldrum og aðstandendum býðst að fara í leikhús með börnin sín án of mikils kostnaðar þar sem allir leikarar og aðstandendur gefa vinnu sína og því hægt að halda miðaverði í hófi.

Leikfélag Kópavogs er elsta menningarfélagið í Kópavogi. Félagið gefur öllum tækifæri sem áhuga hafa á þátttökumenningu að taka þátt í uppsetningu á leikritum. Þátttökumenningu sem staðið hefur í 65 ár.

Félagið hefur yfir að ráða fullkomnu leikhúsi.

Eigin fjármögnun og upplýsingar um styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggja fram gögn því til staðfestingar

Erfitt er að reikna eigið framlag þar sem öll starfsemi leikhúsins er að mestu rekin í sjálfböðavinnu. T.d. hefur félagið verið með félagsmenn sem hafa verið að læra leikstjórn og þá fellur sá kostnaður niður en hefur leitað til atvinnuleikstjóra þegar fjármagn til þess er til staðar.

Eigin fjármögnun fer því eftir styrkuppþæð til uppsetningar.

Engir aðrir styrkir eða framlög frá öðrum er um að ræða fyrir þetta verkefni.

Kostnaðaráætlun

Leikmynd - efniskostnaður - ekki vinna	600.000
Búningar - efniskostnaður - ekki vinna	400.000
Leikstjórn	1.000.000
Húsnæði v/æfinga og sýninga	660.000
Höfundalaun	200.000
Höfundalaun tónlist	100.000
Auglýsingar	100.000
Annar kostnaður	50.000
Samtals:	<u>3.110.000</u>

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

Nei